

Rannsóknþjónusta Listaháskóla Íslands

Skýrsla forstöðumanns vegna ársfundar 2007

Fyrstu skref

Forstöðumaður Rannsóknþjónustunnar, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, tók til starfa þann 3. september 2007. Fyrstu vikurnar í starfi hefur hún einbeitt sér að því að kynna sér starfsemi skólans, annarsvegar innviði hans og strúktúr og hinsvegar listræna starfsemi og mannauð. Ljóst er að vinna þarf mikið undirbúningsstarf til að hrinda rannsóknþjónustunni í gagnid, einkum í ljósi þess að sem stendur er LHÍ ekki rannsóknaháskóli í eiginlegum skilningi meðan ekki er boðið upp á nám á framhaldsstigi. Því er uppbygging MA-náms forsenda fyrir því að rannsóknþjónustan finni sér farveg innan skólans og geti nýst mannauðnum sem best. Hlutur rannsóknþjónustunnar í þeirri uppbyggingu er helst að móta leiðir til að tryggja svigrúm til rannsókna og listsköpunar (rannsóknarleyfi) sem og að tryggja vægi rannsókna í námsleiðum nemenda til MA-gráðu.

Forstöðumaður hefur eytt nokkrum tíma í að kynna sér rannsóknir erlendra listháskóla, einkum í Bretlandi, Hollandi og á Norðurlöndum. Einkum hefur hún beint sjónum að samþættingu rannsókna og listsköpunar, sem augljóst er að verður lykilhluti í uppbyggingu nýs MA-náms við skólann. Liður í því að kanna rannsóknalandslagið umhverfis Ísland var kynnisferð til London sem forstöðumaður fór dagana 19.-23. nóvember síðastliðinn. Sú ferð var afar gagnleg og fékkst mikið af upplýsingum og reynslu til að vinna úr og deila með samstarfsfólki innan LHÍ.

Sem stendur hefur rannsóknastjóri enn ekki unnið fastmótaða heildarstefnu rannsókna við skólann en slíkt þarf að vanda vel og gera í náinni samvinnu við rektor, deildarforseta og tilskipaðan samráðshóp. Reiknað er með að slík stefna verði tilbúin í fyrir árslok. Í framhaldi af því er mælt til þess að ákveðin stefnumótunarvinna í rannsóknaráherslum fari fram innan hvernar deildar fyrir sig, sem unnin verði með hliðsjón af þeirri stefnu sem rannsóknastjóri setur fram.

Algert grundvallaratriði við undirbúningsvinnu rannsóknþjónustunnar er að hefja skipulegt vinnuferli um þrýsting á vísinda- og tækniráð Ísland. Mikilvægt er að LHÍ skipi sér sterkan sess í orðræðunni um rannsóknir á Íslandi, sérstaklega nú þar sem listir eru orðnar opinberlega viðurkennt fræðasvið. Mikilvægt er að hefja strax stefnufasta samræðu við vísinda- og tækniráð um listrannsóknir (hvort sem um er að ræða hefðbundnar rannsóknir eða rannsóknir sem byggja á framkvæmdaferli), en hið fyrsta verk verður að tryggja þá forsendu fyrir samvinnu að a.m.k. sameiginlegur skilningur sé fyrir hendi á grundvallarhugtökum eins og *rannsóknum* eða *vísindum*.

Fastir liðir

Strax í byrjun starfsárs var komið á svokölluðum rannsóknarkvöldum fyrir fastráðna kennara skólans. Nú þegar hafa tvö kvöld verið haldin og hafa þau farið fram með prýðilegum hætti með góðri þátttöku kennara, fyrrverandi kennara sem og stjórnarmeðlima skólans. Frummælendur voru Magnús Þór Þorbergsson, lektor í leiklistardeild, og Goddur, prófessor í hönnun. Markmiðið með rannsóknarkvöldunum er einkum að skapa föstum kennurum Listaháskólans vettvang til að kynnast betur listsköpun og rannsóknum hvers annars og um leið að gefa þeim og stjórnendum skólans tækifæri til hittast undir óformlegri kringumstæðum.

Einnig er unnið að upplýsingaveitu um styrki, nokkurskonar styrkjadagatali sem er skrá yfir styrkjamöguleika hér á landi sem á Norðurlöndum og í Evrópu, þar sem dagsetningar fyrir skilafresti koma fram. Þetta verður sett á heimasíðu rannsóknþjónustunnar, og er sérstaklega hugsað fyrir þá kennara skólans er vinna að rannsóknum.

Í bígerð er að vinna kortlagningu á rannóknarviðfangsefnum fastráðins kennaraliðs skólans, sem verður áberandi á nýrri heimasíðu.

Samstarf

Mikilvægur liður í starfsemi rannsóknþjónustunnar er að koma á virku sambandi við aðrar stofnanir í listheiminum hér á landi, og nú þegar er hafist handa við að koma á samstarfi við nokkrar slíkar. Háskólinn á Bifröst hefur óskað eftir samstarfi vegna meistaranáms í menningarstjórnun, og fyrirhuguð er fundaröð um menningarástand og menningarorðræðu á Íslandi, sem fara mun fram í þrjú skipti á vorönn 2008. ReykjavíkurAkademían er einnig aðili að þessu samstarfi.

Nýlistasafnið hefur einnig óskað eftir samstarfi vegna 30 ára afmælis safnsins á næsta ári. Margir spennandi fletir eru á samstarfinu, en safnið vill beina sjónum að söguritun, vörslu, skráningu og söfnun á verkum í eigu safnsnis. Hugmyndin um samstarf liggur í að skapa grundvöll fyrir umræðu og gagnrýni um þessi mál. Forstöðumaður bókasafns LHÍ mun einnig koma að verkefninu óformlega sem ráðgjafi í skráningu.

Viðburðir

Forstöðumaður hefur lagt grunn að undirbúningi framlags LHÍ til fundaraðar utanríkisráðuneytisins vegna framboðs í öryggisráð SP. Samráð hefur verið haft við deildarforseta, fagstjóra og prófessora varðandi þátt LHÍ í fundaröðinni, sem fara mun fram 14. febrúar 2008. Yfirskrift fundarins verður “Réttur til menningar – íslenskur menningararfur í ljósi hnattvæðingar”.

Rannsóknastjóri hefur einnig hafið undirbúning að umfangsmikilli ráðstefnu sem haldin verður í endaðan september 2008. Viðfangsefni ráðstefnunnar verður að ræða rannsóknir og listir, en markmiðið með henni er að LHÍ verði frumkvöðull í umræðunni hér á landi og leiði saman ólíkar aðila úr listheiminum hér á landi í debat

um viðfangsefnið. Fengnir verða tveir lykilyfirlesarar erlendis frá. Allir deildarforsetar sitja í undirbúningsnefnd fyrir ráðstefnuna.

Styrkir

Haldin var kynning frá aðilum RANNÍS um miðjan september, í því sjónarmiði að kynna Rannsóknasjóð fyrir kennurum skólans sem og einnig að vekja athygli RANNÍS á LHÍ og rannsóknum í listum. Mæting var góð og nokkrar umræður spunnust.

Menntasjóður skólans hefur verið færður yfir á könnu rannsóknastjórans sem auglýsti eftir styrkjum í endaðan nóvember. Úthlutað var kr. 360.000 úr sjóðnum.

Í september skilaði rannsóknþjónustan inn umsókn í Tækniþróunarsjóð fyrir hönd verkefnisstjórans Sigríðar Sigurjónsdóttur, prófessors í vöruhönnun. Sótt var um styrk fyrir verkefnið “Stefnumót bænda og hönnuða” sem byggt er á námskeiði í hönnunardeild. Verkefnið fékk styrk að upphæð ca 17 milljónir króna sem skiptist á þrjú ár. Óþarft er að nefna þýðingu þessa fyrir hönnunardeild sem og skólann í heild sinni.

Margir kennarar skólans hafa viðrar rannsóknarhugmyndir við rannsóknastjóra, en ljóst er að fólk er uppfyllt af spennandi hugmyndum sem aðstoða þarf við að finna farveg. Varla þarf að nefna mikilvægi þess að herja á þá fáu samkeppnissjóði í landinu til að tryggja aukinn hlut listrannsókna í því rannsóknarlandslagi sem við búum í, og síðast en ekki síst, til hafa þannig áhrif á þá hugarfarsbreytingu sem þarf að verða til að listrannsóknir megi standa jafnfætis öðrum rannsóknarsviðum í háskólasamfélaginu.

Virðingarfyllst,

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir
Forstöðumaður rannsóknþjónustu LHÍ